

Flokkur fólksins

Ársreikningur 2022

Flokkur fólksins
Fjörgyn 1
112 Reykjavík

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla stjórnar

Samstæðuársreikningur Flokks fólksins fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um fjármál stjórnmalasamtaka nr. 192/2006 og þar sem við á lög um ársreikninga nr. 3/2006, leiðbeiningar útgefnar af ríkisendurskoðanda og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er hann í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningur samstæðu Flokks fólksins hefur að geyma ársreikninga flokkskrifstofu og þingflokks. Stjórnmalasamtök skulu gera samstæðureikning fyrir allar einingar, sem undir þau falla svo sem kjördæmisráð og aðildarfélög sem eru yfir tilteknum viðmiðunarmörkum laga um fjármál stjórnmalasamtaka og getur því verið breytilegt frá ári til árs hvaða kjördæmisráð og aðildarfélög falla undir samstæðuársreikninginn. Engin aðildarfélög og kjördæmisráð eru starfandi hjá Flokki fólksins á árinu 2022 og samstæðureikningurinn hefur því að geyma ársreikninga flokkskrifstofu og þingflokks.

Flokkur fólksins var stofnaður árið 2016. Markmið Flokks fólksins er að berjast með hugsun, orði og vilja fyrir íslendinga, sem hafa orðið fyrir óréttlæti, mismunun, lögleysu og fátækt. Flokkurinn byggir á kærleiksboðskap og kristnum gildum, hann berst gegn fátækt og spillingu á Íslandi.

Hagnaður varð af rekstri flokksins á árinu 2022 að fjárhæð 16,2 millj. kr. samanbórið við 60,1 millj. kr. tap árið á undan. Eigið fé flokksins í lok ársins nam 49,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Tveir starfsmenn störfuðu hjá Flokki fólksins á árinu líkt og árið áður.

Það er álit stjórnar flokksins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu flokksins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun flokksins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Flokks fólksins staðfestir hér með ársreikning flokksins fyrir árið 2022.

Reykjavík, / 2023.

Stjórn:

Rafrænar undirritanir stjórnarmanna eru á forsiðu.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Flokks fólksins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning samstæðu og flokksskrifstofu Flokks fólksins. („samstæðan og flokksskrifstofan“) fyrir árið 2022. Ársreikningur samstæðu og flokksskrifstofu („ársreikningurinn“) hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar. Samstæðureikningur 2022 hefur auk ársreiknings flokksskrifstofu að geyma ársreikning Þingflokks Flokks fólksins.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar og flokksskrifstofunnar 31. desember 2022 og afkomu samstæðunnar og flokksskrifstofunnar og breytingu á handbæru fé á rekstrarárinu 2022, í samræmi við lög nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra sem og lög um ársreikninga nr. 3/2006.

Grundvöllur álits

Við endurskoðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreiknings flokksskrifstofu og samstæðu í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi flokksins og samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa flokkinn eða samstæðuna upp eða hætta starfseminni, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, / 2023.

Afstemma ehf

María Kristín Rúnarsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	Samstæða		Flokksskrifstofa	
		2022	2021	2022	2021
Rekstrartekjur					
Framlög frá Ríkissjóði	10	68.215.066	60.638.831	68.215.066	60.638.831
Framlög frá Alþingi	10	12.820.188	6.909.147	0	0
Framlög frá sveitarfélögum	10	1.239.597	1.088.378	1.239.597	1.088.378
Framlög frá Þingflokknum	10	0	0	10.000.000	
Félagsgjöld	10	0	393.000	0	393.000
	2	<u>82.274.851</u>	<u>69.029.356</u>	<u>79.454.663</u>	<u>62.120.209</u>
Rekstrargjöld					
Aðalskrifstofa	11	45.131.139	51.104.967	43.945.550	50.735.995
Alþingiskosningar	12	0	69.842.882	0	69.842.882
Sveitastjórnarkosningar	13	12.763.000	0	12.763.000	0
Húsnæðiskostnaður	14	8.513.000	8.089.537	8.513.000	8.089.537
		<u>66.407.139</u>	<u>129.037.386</u>	<u>65.221.550</u>	<u>128.668.414</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld					
		15.867.712	(60.008.030)	14.233.113	(66.548.205)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld					
Vaxtatekjur		631.791	132.768	569.625	126.785
Vaxtagjöld		(138.574)	(218.334)	(138.574)	(213.599)
Fjármagnstekjuskattur		(138.995)	(29.204)	(125.318)	(27.888)
		<u>354.222</u>	<u>(114.770)</u>	<u>305.733</u>	<u>(114.702)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)					
		<u>354.222</u>	<u>(114.770)</u>	<u>305.733</u>	<u>(114.702)</u>
Afkoma ársins					
	8	<u>16.221.934</u>	<u>(60.122.800)</u>	<u>14.538.846</u>	<u>(66.662.907)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	Samstæða		Flokkskrifstofa	
		2022	2021	2022	2021
Eignir					
Fastafjármunir					
Bifreiðar	7	1.462.000	1.870.000	1.462.000	1.870.000
Áhöld, innbú og tæki	7	1.336.996	1.923.072	1.336.996	1.923.072
Fastafjármunir		<u>2.798.996</u>	<u>3.793.072</u>	<u>2.798.996</u>	<u>3.793.072</u>
Veltufjármunir					
Aðrar kröfur		3.168.349	3.248.127	2.100.000	2.183.080
Handbært fé	5	45.899.647	27.175.179	27.791.784	20.747.102
Veltufjármunir		<u>49.067.996</u>	<u>30.423.306</u>	<u>29.891.784</u>	<u>22.930.182</u>
Eignir samtals		<u>51.866.992</u>	<u>34.216.378</u>	<u>32.690.780</u>	<u>26.723.254</u>
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé					
Óráðstafað eigið fé		49.468.087	33.246.153	30.291.875	15.753.029
	8	<u>49.468.087</u>	<u>33.246.153</u>	<u>30.291.875</u>	<u>15.753.029</u>
Skammtímaskuldir					
Skuldir við tengda aðila		0	0	0	10.000.000
Ýmsar skammtímaskuldir		2.398.905	970.225	2.398.905	970.225
Skuldir samtals		<u>2.398.905</u>	<u>970.225</u>	<u>2.398.905</u>	<u>10.970.225</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>51.866.992</u>	<u>34.216.378</u>	<u>32.690.780</u>	<u>26.723.254</u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2022

	Skýr.	Samstæða		Flokksskrifstofa	
		2022	2021	2022	2021
Rekstrarhreyfingar					
Afcoma ársins	8	16.221.934	(60.122.800)	14.538.846	(66.662.907)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir	7	994.076	535.769	994.076	535.769
Veltufé frá (til) rekstrar		<u>17.216.010</u>	<u>(59.587.031)</u>	<u>15.532.922</u>	<u>(66.127.138)</u>
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:					
Skammtímakröfur, hækkun		79.778	(3.248.127)	83.080	(2.183.080)
Skammtímaskuldir, lækkun		<u>1.428.680</u>	<u>(192.266)</u>	<u>1.428.680</u>	<u>(192.266)</u>
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		<u>1.508.458</u>	<u>(3.440.393)</u>	<u>1.511.760</u>	<u>(2.375.346)</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>18.724.468</u>	<u>(63.027.424)</u>	<u>17.044.682</u>	<u>(68.502.484)</u>
Fjárfestingarhreyfingar					
Fjárfest í rekstrarfjármunum	7	0	(4.328.841)	0	(4.328.841)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>0</u>	<u>(4.328.841)</u>	<u>0</u>	<u>(4.328.841)</u>
Fjármögnunarhreyfingar					
Tengdir aðilar, breyting		0	0	(10.000.000)	10.000.000
Fjármögnunarhreyfingar		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(10.000.000)</u>	<u>10.000.000</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		18.724.468	(67.356.265)	7.044.682	(62.831.325)
Handbært fé í ársbyrjun		27.175.180	94.531.445	20.747.102	83.578.427
Handbært fé í lok ársins		<u>45.899.648</u>	<u>27.175.180</u>	<u>27.791.784</u>	<u>20.747.102</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og lög um fjármál stjórnmalasamtaka nr 162/2006. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn er samstæðuársreikningur Flokks fólksins og þeirra aðildarféлага sem höfðu tekjur yfir 550.000 kr. Viðmiðunarmörkum í samræmi við ákvæði framangreindra laga um fjármál stjórnmalasamtaka. Engin aðildarfélög eru starfandi hjá Flokki fólksins á árinu 2021.

2. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröuréttur myndast.

3. Skattar

Samkvæmt 4. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt teljast lögaðilar ekki greiða tekjuskatt, ef þeir verja hagnaði sínum einungis til almannaheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum. Flokkurinn greiðir því ekki tekjuskatt.

4. Rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast flokknum og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

5. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld tilheyra öll flokksskrifstofu og eru færð á meða rekstrargjalda aðalskrifstofu.

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2022	2021
Laun	18.384.500	20.006.000
Bifreiðastyrkur	1.200.000	1.075.000
Mótframlag í lífeyrissjóð	2.163.203	2.300.690
Launatengd gjöld	1.625.512	1.617.605
Laun og launatengd gjöld samtals	23.373.215	24.999.295
Ársverk	2	2,33

Skýringar, frh.:

7. Rekstrarfjármunir

	Bifreiðar	Áhöld og tæki	Samtals
Keypt á árinu 2021	2.040.000	2.288.841	4.328.841
Afskrifað á árinu 2021	(170.000)	(365.769)	(535.769)
Bókfært verð 31.12.2021	1.870.000	1.923.072	3.793.072
Staða 1.1.2022	1.870.000	1.923.072	3.793.072
Afskriftir ársins	(408.000)	(586.076)	(994.076)
Bókfært verð 31.12.2022	1.462.000	1.336.996	2.798.996
Heildarverð 31.12.2021	2.040.000	2.288.841	4.328.841
Afskrifað samtals	(578.000)	(951.845)	(1.529.845)
Bókfært verð 31.12.2021	1.462.000	1.336.996	2.798.996
Afskriftarhlutföll	20%	35%	

8. Eigið fé

	Samstæða	Flokksskrifst.
Yfirfært frá fyrra ári	33.246.153	15.753.029
Afkoma ársins	16.221.934	14.538.846
Eigið fé í árslok	49.468.087	30.291.875

9. Kjördæmisráð og undirfélög

Samstæðureikningur flokksins samanstendur af ársreikningi flokksins og þeim ársreikningum aðildarfélaganna sem ná viðmiðunarmörkum laga um fjármál stjórnálasamtaka. Í samstæðureikningi flokksins getur því fjöldi kjördæmisráða og undirfélaganna verið mismunandi milli ára. Af því leiðir að samanlagðar eignir, skuldir og eigið fé samstæðufélaganna getur verið annað í upphafi árs en það var við lok síðasta reikningsárs. Engin aðildarfélög og kjördæmisráð eru starfandi hjá Flokki fólksins á árinu 2022. Samstæðureikningurinn samanstendur af ársreikningi flokksskrifstofu og þingflokks.

10. Tekjur

	2022	2021
Fjárframlög úr ríkissjóði		
Fjárframlög úr ríkissjóði sbr. 3 gr. laga nr. 162/2006	68.215.066	56.138.831
Fjárframlög ráðuneytis vegna alþingiskosninga	0	4.500.000
Samtals	68.215.066	60.638.831
Framlög frá Alþingi		
Fjárframlög frá Alþingi sbr. 4 gr. laga nr. 162/2006	12.820.188	6.909.147
Samtals	12.820.188	6.909.147

Fjárframlög sveitarfélaga

Fjárframlög frá sveitarfélögum, sbr. 8. gr. laga nr. 162/2006 um fjármál stjórnálasamtaka sundurliðast þannig:

Akureyrarkaupstaður	131.570	0
Reykjavíkurborg	1.108.027	1.088.378
Samtals	1.239.597	1.088.378

Aðrar tekjur:

Félagsgjöld	0	393.000
Samtals	0	393.000

Skýringar, frh.:

	2022	2021
11. Aðalskrifstofa		
Laun og launatengd gjöld	23.373.215	24.999.295
Fundakostnaður	545.867	1.906.022
Aðkeypt þjónusta	11.039.467	11.130.519
Skrifstofukostnaður	2.954.405	2.947.171
Auglýsingar og kynningar	4.939.396	8.950.033
Ferðakostnaður	1.284.713	636.158
Afskriftir	994.076	535.769
Samtals	<u>45.131.139</u>	<u>51.104.967</u>
12. Alþingiskosningar		
Fundakostnaður	0	1.666.792
Aðkeypt þjónusta	0	12.129.405
Auglýsingar og kynningar	0	49.901.470
Burðar-/flutningsgjöld	0	4.303.800
Ferðakostnaður	0	1.841.415
Samtals	<u>0</u>	<u>69.842.882</u>
13. Sveitastjórnarkosningar		
	2022	2021
Fundakostnaður	353.513	0
Aðkeypt þjónusta	136.028	0
Skrifstofukostnaður	102.241	0
Auglýsingar og kynningar	11.468.701	0
Ferðakostnaður	112.576	0
Húsnæðiskostnaður	589.941	0
Samtals	<u>12.763.000</u>	<u>0</u>
14. Húsnæðiskostnaður		
Húsaleiga	8.513.000	8.089.537
Samtals	<u>8.513.000</u>	<u>8.089.537</u>